

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram laugardaginn 30. júní 1984.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V- Skaftafellssýslu — Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1080 meðmælendur, en mest 2160.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu — Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 115 meðmælendur, en mest 230.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V- Húnavatnssýslu — S- Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 215 meðmælendur, en mest 430.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N- Þingeyjarsýslu — A- Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 90 meðmælendur, en mest 180.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, sbr. lög nr. 6/1984, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 28. mars 1984.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

REGLUR

um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta.

1. gr.

Allir landsmenn skulu eiga rétt á heyrnartækjum. Úthlutun heyrnartækja er ávallt háð samþykki yfirlæknis Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

2. gr.

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki sem hér segir:

- | | |
|---|------|
| 1. Fyrir börn og unglinga til loka skólaskyldu | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri | 60% |
| 3. Fyrir þá sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri | 70% |

3. gr.

Sá, sem fengið hefur heyrnartæki getur fengið tæki á ný:

1. Þegar heyrn hans hefur breyst svo, að fyrra tækið verður ófullnægjandi.
2. Þegar þróun í gerð tækja veldur því að honum nýtist ný gerð betur.
3. Þegar fyrra tæki hefur gengið úr sér, svo það kemur ekki að notum lengur.